

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 25. ágúst 2020:

Lagt er til að búinn verði til skýr verklagsferill komi upp kórónuveirusmit innan grunnskóla, leikskóla, frístundaheimila og frístundamiðstöðva borgarinnar. Verklagsferillinn taki mið af því að komi upp Kórónuveirusmit á starfstöðvum skóla- og frístundasviðs verði skóla- og frístundaráð upplýst hið fyrsta og haft með í ráðum varðandi ákvarðanir í tengslum við aðgerðir sem teknar verða þá í samráði við sóttvarnarlækni og yfirmenn þeirra starfstöðva þar sem smit kemur upp. Þá verði starfsmenn og foreldrar upplýstir strax. Sviðsstjóra verði falið að framfylgja ákvörðunum ráðsins, eins og fram kemur í 6. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar.